



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 12. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Miðvikudagur 28.12.2011 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) meðstjórnandi
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
- Boðuð forföll:** Höskuldur Höskuldsson (HH) varaformaður
- Fjarverandi:**
Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., erindi ÍR vegna undanþágu á leikheimild, starfsmannamál og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Erindi ÍR vegna undanþágu á leikheimild:

Rætt var um erindi formanns keiludeildar ÍR að veita leikmanni ÍR-N undanþágu á hlutgengi í leik úr 9. umferð. Nokkur umræða var um erindið og sitt sýndist hverjum. Að lokum varð niðurstaðan sú að ekki yrði veitt undanþága á leikheimild, og mun ÞI svara ÍR.

3. Starfsmannamál:

TÓ sendi stjórn bréf þann 22/12, þar sem hún sagði starfi sínu lausu frá áramótum. Ákveðið var að fá hana til að sjá um innslátt í deildum og öðrum mótum í janúar og leiðbeina nýjum starfsmanni varðandi starfið. Farið var yfir starfslýsinguna eins og hún var þegar TÓ var ráðin og ÞI mun athuga hjá TÓ hvort eitthvað hafi breyst á þessum árum. Auglýst verður eftir áramótin og við vonum að okkur takist að fá starfsmann í janúar.

4. Önnur mál:

Þjálfaranámskeið – Fyrsta stig ETBF var haldið helgina fyrir jól og almenn ánægja var með námskeiðið. Kennarinn Juha Maja, frá Finnlandi, sagðist fara sáttur frá landinu og við vonumst til að fá hann aftur hingað á næsta ári.

Reglubreytingar – ÞI kynnti þær breytingar sem urðu á reglum WTBA á síðasta þingi og geta haft áhrif á reglur okkar. Ein er í almennum keppnisreglum og verður hún sett inn. Hinar tengjast kaflanum um Heimsmeistarmót og verða þær báðar til umfjöllunar á næsta þingi.

Svar frá stjórn til Arnar Sæbergssonar – ÓPV lagði uppkast af svari fram á fundinum og var farið yfir það. Hann mun svo fullklára og senda á viðkomandi.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur 11. janúar 2012.